



Fundargerð 30. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 5. febrúar 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: .

Fjarverandi:

Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Kolbrún Vignisdóttir (KV) varamenn

AS ritaði fundargerð.

1. Mál #1 frá stjórnarfund 2. janúar 2024

Ekki hefur enn verið gengið frá fundargerð frá 2. janúar vegna ólíkra sjónarmiða varðandi bókun á einum málslið.

Málið var rætt og að endingu kosið um framlagðan texta, og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

2. Ársþing AKÍS 2024

Rætt hvað þarf að koma fram í fyrra fundarboði sem og annað sem þarfnast undirbúnings fyrir þingið.

Í samræmi við 6. grein laga sambandsins verður fyrri tilkynning um þingið send út fyrir lok vikunnar.

3. Öryggisvika FIA

Komin er dagskrá fyrir Safety Seminar í öryggisviku FIA sem verður 20. - 23. febrúar n.k., sjá [hér](#). Ákveðið að senda aðildarfélögum ábendingu um viðburðina og hvetja þau til að taka þátt.

4. Starfsmaður

TMP er að vinna í ráðningu á þeim aðila sem á síðasta stjórnarfund 2023 var ákveðið að ganga til samninga við. Vonast hann til að á allra næstu dögum verði hægt að bera drög að ráðningarsamningi undir stjórn.

5. Önnur mál

Keppnisráð í hermiakstri - Samkvæmt "Reglugerð um keppnisráð AKÍS" frá 3. mars 2023 á að starfa keppnisráð í hermiakstri. Ekki hefur verið skipað í ráðið, hvorki af keppnishaldara né AKÍS. Ákveðið að taka hermiakstur til umræðu á ársþinginu 9. mars.

Næsti fundur 20. febrúar 2024 kl. 19.30

Fundi slitið kl. 20.41